



Verð íslenskra sjávarafurða hélt áfram að hækka á fyrsta ársfjórðungi


Verð íslenskra sjávarafurða mælt í erlendra mynt hefur verið í hækkunarfasa undanfarin misseri. Verðið hélt áfram að hækka á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og hefur hækkað samfleytt 10 fjórðunga í röð. Síðast lækkaði verðið milli annars og þriðja ársfjórðungs 2017. Verðhækkunin að þessu sinni nam 0,7% miðað við fjórða fjórðung síðasta árs. Verð sjávarafurða í erlendra mynt er nú í sögulegu hámarki.

Covid-19-faraldurinn hefur haft mikil áhrif á verð og sölu á íslenskum sjávarafurðum erlendis. Lokun veitingastaða hafði mikil áhrif á eftirspurn eftir ferskum fiski en útflutningsverð á ferskum þorski er umtalsvert herra en á frystum eða söltuðum. Einnig hafa orðið tafir á greiðslum og afpantanir á sjávarafurðum og kaupendur hafa þrýst á um verðlækkunir. Þessu til viðbótar hefur brottfall nánast alls farþegaflugs til og frá landinu haft sín áhrif á flutning á ferskum fiski á erlenda markaði. Jafnvel þó að búiið sé að opna mikið af veitingastöðum í Evrópu á ný mun ganga mjög erfiðlega að koma ferskum fiski til þeirra á meðan flug liggur niðri. Þó mælst hafi verðhækkun á fyrsta fjórðungi í heild sinni má gera ráð fyrir að nokkur verðlækkun hafi átt sér stað eftir að efnahagslegra áhrifa faraldursins fór að gæta í marsmánuði. Líklegt verður að teljast að verð á öðrum fjórðungi verði eitthvað lægra en verðið á fyrsta fjórðungi.

Heimsmarkaðsverð á kjöti og matvælum lækkar

Heimsmarkaðsverð á kjöti hefur gefið nokkuð eftir á síðustu mánuðum en það lækkaði um 5% á fyrsta fjórðungi ársins borið saman við fjórða fjórðung síðasta árs. Aprílmánuður var fjórði mánuðurinn í röð þar sem verð á kjöti lækkar milli mánaða. Heimsmarkaðsverð á matvælum hefur þó ekki þróast alveg eins. Þannig varð 0,7% hækkun á verði matvæla á fyrsta ársfjórðungi. Verðþróun matvæla síðustu mánuði hefur hins vegar legið niður á við. Þannig mældist stöðug verðlækkun frá febrúar og fram í apríl milli mánaða. Til samanburðar hækkaði verð á botnfiski og flatfiski frá Íslandi um 1,1% í

Verð íslenskra sjávarafurða og heimsmarkaðsverð kjöts



Heimild: Seðlabanki Íslands, Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna




erlendri mynt milli fyrsta fjórðungs og fjórða fjórðungs síðasta árs.

Útflutningur sjávarafurða dróst saman á fyrsta fjórðungi

Útflutningur á sjávarafurðum nam 63,9 mö.kr. á fyrsta ársfjórðungi borið saman við 66,5 ma.kr. á sama tímabili í fyrra, en hvort tveggja er á föstu gengi. Samdrátturinn nam 2,7 mö.kr., eða 4%. Það sem helst skýrir samdráttinn er að útflutningsverðmæti loðnu dróst saman um 2,2 ma.kr., eða um 76%, milli ára. Í ár brást loðnuvertíðin annað árið í röð. Mikill samdráttur í útflutningi loðnuafurða milli ára skýrist af því að í fyrra voru til meiri birgðir af loðnuafurðum frá fyrra ári. Birgðirnar eru mun minni nú og útflutningur þess vegna minni en í fyrra. Útflutningur á síld dróst saman um 1,2 ma.kr., eða um ríflega þriðjung. Það má nær eingöngu skýra með minni útflutningi í tonnum talið. Útflutningur á ýsu dróst saman um 1,1 ma.kr. og dróst útflutningsverðmætið saman um tæplega 19%. Útflutt magn í tonnum talið dróst hins vegar saman um fjórðung.

Mesta verðmætaaukningin var í útflutningi á þorski. Útflutningur á honum jókst um 1,8 ma.kr., eða 5%. Útflutt magn jókst hins vegar einungis um 0,1%.

Breyting í útflutningsverðmæti á fyrsta ársfjórðungi



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.